

ÚRSKURÐUR
ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 2/2018

Kæra Hilmars F. Thorarensen á ákvörðun Neytendastofu frá 24. apríl 2018.

1. Þann 21. september 2018 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 2/2018: Kæra Hilmars F. Thorarensen á ákvörðun Neytendastofu frá 24. apríl 2018. Í málinu úrskurða Halldóra Þorsteinsdóttir, Áslaug Árnadóttir og Gunnar Páll Baldvinsson.
2. Með kæru, dags. 23. maí 2018, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála þá ákvörðun Neytendastofu að ekki sé ástæða til frekari aðgerða í tilefni af kvörtun hans vegna nánar tilgreindrar markaðssetningar Ásafls ehf. Skilja verður kærana svo að þess sé krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum.

MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi kæranda til Neytendastofu, dags. 29. janúar 2018, kvartaði hann undan háttsemi Ásafls ehf., sem kærandi átti í viðskiptum við árið 2011. Kemur fram að kærandi óski annars vegar eftir því að Ásafl ehf. færi sönnur á að Westerbeke vélarnar hafi verið í hópi mest seldu bátavéla í USA árið 2010 og hins vegar álitum Neytendastofu á verklagi Ásafls ehf. um að upplýsa kæranda ekki um að gírinn, sem fylgt hafi vélinni, væri ætlaður í skemmtibáta. Í bréfinu kemur nánar tiltekið fram að árið 2011 hafi kærandi gert upp trillu sína, Hönnu ST 49, skipaskrárnúmer 9806, sem sé elsti bátur á Íslandi sem hafi fiskveiðiheimild, smíðaður í Noregi 1899 eða fyrr. Hann hafi jafnframt ákveðið að skipta um vél í bátnum og fengið tilboð frá Ásafl ehf. í Westerbeke vél 28. janúar 2011. Tilboðinu hafi fylgt verðlisti og umsögn þar sem hafi m.a. staðið: „Westerbeke vélarnar eru í hópi mest seldu bátavéla í Bandaríkjunum í þessum stærðarflokki.“ Kærandi hafi í kjölfarið keypt vélina og báturinn verið sjósettur í Reykjavík 20. ágúst 2011. Síðan hafi verið farið með bátinn á bíl í Gjögur, þar sem hann hafi aftur verið sjósettur. Það hafi síðan verið vorið 2012 að kærandi hafi farið á strandveiðar. Fljótlega hafi gírinn í vélinni bilað og hafi kærandi fengið nýjan gír frá seljanda sem hafi dugað síðan. Hins vegar hafi orðið erfið og leiðinleg eftirmál vegna ágreinings um ástæðu bilunar á gírnum, sem kærandi hafi lagt fyrir kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa 10. apríl 2013, sbr. mál 36/2013.
5. Það hafi síðan verið haustið 2014, í tengslum við sjávarútvegssýningu, að Ásafl ehf. hafi verið með bás og gefið út fréttablað þar sem dregnar hafi verið fram glæsimyndir af vélum, fyrirtækinu og starfsmönnum þess. Í fréttablaðinu hafi Westerbeke bátavélarnar verið lofaðar og m.a. tekið fram að „Westerbeke-dísilvélar eru fyrir hendi í mörgum minni bátum hér á landi“ og að „Westerbake-

vélarnar hafa lengi verið vinsælar í minni trillubáta hér á landi og reynslan af þeim verið mjög góð“. Þessar upplýsingar hafi hins vegar verið mjög á skjön við raunveruleikann, enda hafi fyrstu vélarnar komið til Ásafls ehf. árið 2011 og vél kæranda verið númer tvö af seldum vélum félagsins. Árlega sé gefin út vönduð skipaskrá og sjómannaalmanak þar sem getið sé allra skipa og báta á Íslandi og hvaða vélar séu í þeim. Í skipaskránni 2015 hafi verið 2.311 skip og bátar, miðað við stöðuna 18. nóvember 2014, en þar af hafi Westerbeke vélar verið í fjórum, eða 0,173 allra skipa og báta á þessum tíma. Þegar kærandi hafi lesið þetta hafi hann farið að efast um það sem honum hafi verið kynnt í ársbyrjun 2011 um að Westerbeke vélarnar væru í hópi mest seldu bátavéla í Bandaríkjunum í þessum stærðarflokki. Hafi kærandi síðan reynt árangurslaust að fá Ásafl ehf. til þess að færa sönnur á hver hlutdeild Westerbeke bátavéla hafi verið í Bandaríkjunum árið 2010. Hann hafi t.d. sent framkvæmdastjóra og stjórnarformanni fyrirtækisins tölvupóst 8. október 2014, en engin svör fengið. Kærandi fari því fram á að Ásafl ehf. færi sönnur á að umræddar vélar hafi verið í hópi mest seldu bátavéla í Bandaríkjunum árið 2010.

6. Í bréfi kæranda er ennfremur óskað álits Neytendastofu á því verklagi Ásafls ehf. að upplýsa kæranda ekki um að gírinn, sem fylgt hafi vélinni, hafi verið ætlaður í skemmtibáta. Kveðst kærandi hafa fengið þær upplýsingar árið 2013, eftir að hafa gripið til handbókar um gírinn, sem starfsmaður Neytendastofu hafi fundið á netinu, en umrædd handbók hafi ekki fylgt gögnum sem hann hafi fengið með vélinni.
7. Með bréfi Neytendastofu til Ásafls ehf., dags. 12. febrúar 2018, var fyrrgreint bréf kæranda kynnt félaginu. Þar kemur fram að í bréfi kæranda sé ekki vísað til lagaákvæða, en að af erindinu megi ráða að kærandi telji að markaðssetningarefni Ásafls ehf. frá árinu 2011 kunni að teljast villandi. Er síðan vísað til 4. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Í bréfi Neytendastofu er næst vísað til þeirra fullyrðinga sem kærandi kvarti undan: Að Westerbeke vélarnar séu í hópi mest seldu bátavéla í Bandaríkjunum í þessum stærðarflokki, þær séu fyrir hendi í mörgum minni bátum hér á landi og að þær hafi verið vinsælar í minni trillubáta með mjög góðri reynslu. Í bréfinu er síðan óskað eftir upplýsingum um hvort fyrirtækið notaðist enn við þær í markaðsefni sínu. Kemur fram að noti fyrirtækið umræddar fullyrðingar ennþá þurfi það að geta fært sönnur á fullyrðingarnar, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005, þar sem segir að fullyrðingar sem fram komi í auglýsingum eða með öðrum hætti þurfi fyrirtæki að geta fært sönnur á. Stofnunin telji hins vegar ekki tilefni til að taka til skoðunar kvörtun vegna upplýsingaskorts um gír keyptrar vélar, en athygli kæranda hafi verið vakin á því að slíkur upplýsingaskortur kunni að hafa einkaréttarleg áhrif, sbr. 16. gr. laga um neytendakaup nr. 48/2003. Hafi kæranda verið bent á kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa að því er varði þann þátt erindis hans.
8. Svar barst með tölvubréfi framkvæmdastjóra Ásafls ehf. til Neytendastofu, dags. 28. febrúar 2018. Þar segir að þann tíma sem framkvæmdastjórinn hafi starfað hjá Ásafl ehf., eða 16 mánuði, hafi hvorki Westerbeke né nokkur annar vélaframleiðandi verið markaðssettur eða auglýstur á þann hátt sem tilgreint sé í bréfi Neytendastofu. Framkvæmdastjórinn geti ekki

svarað fyrir það sem gerst hafi fyrir hans tíma í starfi. Aðfinnslur Neytendastofu verði hafðar í huga varðandi markaðssetningu á tækjum og tólum í framhaldinu.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

9. Í hinni kærðu ákvörðun kemur fram að fyrirtæki þurfi að jafnaði að geta fært sönnur á þær fullyrðingar sem fram komi í auglýsingum eða með öðrum hætti. Í málinu liggja fyrir að hinir umdeildu viðskiptahættir hafi átt sér stað árið 2011 og Ásafl ehf. hætt notkun markaðssetningarefnisins fyrir allnokkru síðan. Í málinu liggja einnig fyrir að Hanna ST 49 sé fiskiskip. Hin umdeildu vélakaup hafi því að mati Neytendastofu ekki verið viðskipti við neytanda heldur hafi kaupin verið gerð í atvinnuskyni. Í málinu bendi einnig flest til þess að hinni umdeildu markaðssetningu hafi aðallega verið beint að atvinnurekendum en ekki neytendum. Með vísan til alls þessa telji Neytendastofa ekki tilefni til frekari aðgerða af hálfu stofnunarinnar.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

10. Í kæru, dags. 23. maí 2018, er fyrst vísað til þess að Neytendastofa hafi fundið að því að kærandi hafi ekki vísað til lagaákvæða í kvörtun sinni. Kærandi hafi staðið í þeirri trú að lögfræðingar Neytendastofu þyrftu ekki aðstoð leikmanns til þess að átta sig á hvaða lagaákvæði væru brotin, enda hafi stofnunin síðan vitnað í nokkrar greinar laga nr. 57/2005 sem kærandi hafi m.a. haft í huga með erindi sínu.
11. Í kærinni kemur næst fram að af niðurstöðu Neytendastofu verði ekki annað ráðið en að stofnunin telji Ásafl ehf. stikkfrí vegna þess hve langt sé um liðið og félagið hætt notkun markaðssetningarefnisins fyrir allnokkru síðan. Það mat stofnunarinnar, að vélakaupin hafi verið gerð í atvinnuskyni, dragi kærandi í efa. Bátur hans, Hanna ST 49, hafi verið smíðaður í Noregi árið 1899 eða fyrr. Árið 1959 hafi faðir kæranda eignast bátinn og gert á honum miklar endurbætur. Árið 1996, sama ár og faðir hans hafi dáið, hafi kærandi eignast bátinn og á næstu árum farið til fiskjar í sumarfríum sínum, síðast árið 2009. Þá hafi ekki lengur fengist haffæri fyrir bátinn og hafi kærandi staðið frammi fyrir því að láta bátinn drabbast niður, koma honum á safn eða gera hann upp. Kærandi hafi valið síðasta kostinn, sem hafi kostað hann um 6 milljónir króna með umræddri vél, fyrir utan vinnu hans og sonar hans. Hugsun kæranda og tilgangur hafi verið að bjarga sögu og menningarverðmætum og gera það myndarlega m.a. með því að kaupa nýja vél í bátinn.
12. Hanna sé langelsti bátur/skip sem hafi fiskveiðiheimild hérlendis. Næstelsti bátur sé Þorsteinn ÞH 115, smíðaður 1946. Hefði kærandi verið að hugsa um að gera út í atvinnuskyni hefði hann keypt sér góðan plastbát fyrir minna en 6 milljónir króna og þeir feðgar getað gert eitthvað annað á þeim 670 vinnustundum sem þeir hafi unnið við niðurrif og nýsmíði Hönnu. Það sé hins vegar rétt að kærandi geri Hönnu út á strandveiðar frá Gjögri og selji aflann. Útgerðin sé rekin með tapi, enda leggi kærandi það sem afloat í að halda við bátnum og sjóhúsi sem hýsi

bátinn á vetrum. Hugsun kæranda og áhugamál sé að skila báti og aðstöðu betri en hann hafi tekið við. Samkvæmt íslenskri orðabók frá 2002 sé skýring á orðinu neytandi „endanlegur kaupandi (smásölu) vöru“.

13. Með bréfi, dags. 24. maí 2018, óskað áfrýjunarnefndin eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Svar barst með greinargerð, dags. 5. júní 2018. Þar kemur fram, vegna athugasemda kæranda þess efnis að Neytendastofa hafi fundið að því að hann hafi ekki vísað til lagaákvæða með kvörtun sinni, að stofnunin hafi sent erindi kæranda til umsagnar gagnaðila með bréfi, dags. 12. febrúar 2018, þar sem athygli beggja aðila hafi verið vakin á þeim lagaákvæðum sem kynnu að eiga við í málinu að mati stofnunarinnar. Þegar á skorti að erindi séu rökstudd með vísan til lagaákvæða veki Neytendastofa athygli aðila máls á viðeigandi lagaákvæðum til þess að uppfylla leiðbeiningarskyldu sína og til þess að tryggja að andmælaréttar sé gætt, sbr. 7. gr. og 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.
14. Af svörum Ásaflls ehf. verði ráðið að hætt hafi verið að nota umrætt markaðssetningarefni fyrir nokkru síðan og að aðfinnslur Neytendastofu verði hafðar í huga varðandi markaðssetningu á tækjum og tólum í framhaldinu. Að virtum svörum félagsins hafi Neytendastofa talið að aðgerðir stofnunarinnar hafi borið fullnægjandi árangur og að ekki hafi verið nauðsynlegt að beita viðurlögum samkvæmt 2. mgr. 21. gr. b laga nr. 57/2005. Viðskiptaháttum Ásaflls ehf. hafi verið sjálfhætt og fyrirtækið lýst því yfir að sjálfsdáðum að aðfinnslur stofnunarinnar yrðu hafðar í huga í framhaldinu. Í þessu tilliti bendi Neytendastofa jafnframt á að stofnunin sé bundin af meðalhófsreglu 12. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og skuli því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar því lögmæta markmiði, sem að sé stefnt, verði ekki náð með öðru og vægara móti og skuli þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn beri til. Hægt sé að benda á fjölmörg mál hjá Neytendastofu þar sem ekki sé gripið til aðgerða þegar fyrirtæki hafi farið að athugasemdum stofnunarinnar.
15. Neytendastofa bendi ennfremur á að eftirlit hennar sé allsherjarréttarlegs eðlis og þ.a.l. taki hún ekki til meðferðar einkaréttarlegar kröfur. Í ofangreindri ákvörðun hafi falist efnislegt mat Neytendastofu á þeim atriðum sem fram hafi komið í málinu sem leitt hafi til þess að ekki hafi verið talin ástæða til frekari aðgerða. Að lokum bendi stofnunin á að verndarhagsmunir þeirra lagaákvæða sem á hafi reynt í málinu stefni að vernd neytenda gegn óréttmætum viðskiptaháttum. Stofnunin telji málefnalegt að líta til þess við mat á erindi kæranda að hann hafi með höndum atvinnurekstur og hafi kaupin á vélinni verið gerð í atvinnuskyni.
16. Með bréfi áfrýjunarnefndarinnar, dags. 7. júní 2018, var kæranda gefinn kostur á að gera athugasemdir við afstöðu Neytendastofu. Athugasemdir hans bárust með bréfi, dags. 21. júní 2018. Þar kemur m.a. fram að kærandi undrist það að Neytendastofa láti átölulaust að Ásafll ehf. hafi brotið lög gagnvart kæranda í viðskiptum og að það sé réttlætt með því að vitna í tölvubréf geranda þar sem segi að hætt hafi verið að nota umrætt markaðssetningarefni fyrir nokkru síðan. Hér sé um að ræða umburðarlyndi og meðvirkni sem gildi ekki vegna annarra lögbrota, t.d. ekki

í umferðarlagabrotum. Ásafl ehf. hafi beitt blekkingum og leynt kæranda þeirri staðreynd að gír vélarinnar hafi verið fyrir skemmtibáta.

17. Neytendastofa hangi eins og hundur á roði með að kærandi hafi með höndum atvinnurekstur og að kaup á vélinni hafi verið gerð í atvinnuskyni. Samkvæmt þessari skilgreiningu hljóti kærandi að teljast atvinnurekandi þrátt fyrir að gírinn við umrædda vél hafi verið ætlaður fyrir skemmtibát og bæði hné kæranda séu þannig að hann bryðji pillur til þess að halda sé gangandi þá daga sem hann sé á sjó. Kærandi hafi átt að fara í hnéaðgerð á síðastliðnu ári, en aðgerðinni hafi verið frestað þar til í haust. Þá verði fyrra hnéð tekið og sé ráðlagt að eitt ár líði þar til hið síðara verði tekið. Það sé því fyrirsjáanlegt að kærandi standi ekki í atvinnurekstri með þennan bát sinn næstu tvö árin a.m.k. Í dag sé kærandi 78 ára. Það sé orðum aukið að með þessu áhugamáli sínu og streði sé hann að stunda atvinnurekstur.
18. Kærandi bendi á að hann leggi mikið á sig við að bjarga gömlum bátum með því að halda þeim notkun. Hann vekir í þessu sambandi athygli á Húna II EA 740. Hann hafi hringt í mann sem sé framarlega í flokki Hollvinafélags Húna II og spurt hvort það teljist stunda atvinnurekstur að gera bátinn út. Það hafi maðurinn talið af og frá. Hins vegar fái þeir tekjur með því að leigja bátinn til siglinga og eins séu styrktaraðilar að létta þeim róðurinn. Það skuli tekið fram að kærandi hafi ekki fengið krónu í styrk við að gera Hönnu ST 49 upp. Þá megi geta þess að tveir Hollendingar hjá Ferðakompaníinu (The Icelandic Travel Company), búsettir á Íslandi, hafi nýlega komið að máli við kæranda og óskað eftir að hann gerði grein fyrir uppvaxtarárum sínum í Árneshreppi. Þeir hafi sérstaklega viljað gera eitthvað með þennan gamla og merkilega bát. Kærandi hafi tekið vel í þetta þar sem honum finnst mest um vert að vekja athygli á Hönnu ST 49. Hollensk sjónvarpsstöð muni standa fyrir þessu og verði kvikmyndagerðarfólk sent á svæðið í sumar til þess að taka upp efni.
19. Með bréfi áfrýjunarnefndarinnar til Ásafls ehf., dags. 1. júlí 2018, var félaginu boðið að koma að athugasemdum sínum við fram komna kæru og veittur tveggja vikna frestur í því skyni. Ekkert svar barst frá félaginu.

NIÐURSTAÐA

20. Í máli þessu leitar kærandi endurskoðunar á þeirri ákvörðun Neytendastofu að aðhafast ekki í tilefni af kvörtun kæranda vegna kaupa hans á bátavél árið 2011 og nánar tilgreindri markaðssetningar seljanda vélarinnar, Ásafls ehf., á slíkum vélum. Kvörtun kæranda er í reynd tvíþætt. Annars vegar gerir hann athugasemdir við að honum hafi ekki verið veittar upplýsingar um að gír, sem fylgdi hinni keyptu vél, hafi verið ætlaður í skemmtibáta og hins vegar við markaðssetningu Ásafls ehf. frá árinu 2011 og 2014, þar sem því er m.a. haldið fram að svokallaðar Westerbeke vélar hafi verið í hópi mest seldu bátavéla í Bandaríkjunum árið 2010 í tilteknum stærðarflokki. Krefst kærandi þess að Ásafl ehf. verði gert að færa sönnur á að umrædda fullyrðingu. Hvað fyrra atriðið snertir skal á það bent að Neytendastofu er falið eftirlit með ýmsum lögum á sviði neytendaréttar, m.a. lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, þar sem lagt er ýmis konar bann við

óréttmætum viðskiptaháttum. Hefur stofnunin valdheimildir til þess að framfylgja boðum og bönnum laganna og ákveða aðgerðir gegn þeim, sbr. 2. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 21. gr. b þeirra. Eftirlit stofnunarinnar er hins vegar allsherjarréttarlegs eðlis en ekki einkaréttarlegs og hefur hún þannig ekki heimildir til inngríps í einkaréttarlega löggerninga einstaklinga, svo sem með beitingu ógildingarákvæða laga um nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga eða gallaákvæða laga nr. 48/2003 um neytendakaup og laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup í tilefni af ætluðum göllum, nema að því marki sem slík atriði kunna að falla undir þær efnisreglur sem lögbundið eftirlit stofnunarinnar lýtur að.

21. Að mati áfrýjunarnefndarinnar verður kvörtun kæranda að því er umrætt atriði varðar ekki skilin öðruvísi en svo að hann telji að hin keypta vél hafi ekki verið í samræmi við yfirlýsingar seljanda og að þannig sé um gallaða vöru að ræða í skilningi kauparéttar. Það leiðir af framangreindu að kærandi getur ekki fengið úr því skorið hjá Neytendastofu eða áfrýjunarnefnd neytendamála hvort vélin hafi verið haldin galla eða að hann ráðist í kaup hennar á röngum forsendum. Úr slíkum kröfum verður einungis leyst fyrir dómi þó svo að kærandi kunni einnig að geta leitað eftir álitum kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa um þetta atriði, sbr. m.a. 63. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup og 2. mgr. 99. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, eftir því hvort hann telst vera neytandi samkvæmt fyrrgreindu lögnum eða ekki. Af þessum sökum verður þeim hluta málsins sem varðar upplýsingaskort Ásafls ehf. í tengslum við kaupsamning kæranda og félagsins vísað frá Neytendastofu.
22. Kemur þá til skoðunar krafa kæranda um að Ásafl ehf. færi sönnur á að fyrrgreindar Westerbeke vélar hafi verið í hópi mest seldu bátavéla í Bandaríkjunum árið 2010. Í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 segir: „Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti þarf fyrirtæki að geta fært sönnur á“. Á reglan rætur að rekja til 1. gr. laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, sem var lengi túlkað á þann hátt að fyrirtæki þyrftu að geta fært sönnur á fullyrðingar sínar í auglýsingum. Þannig var í skýringum við ákvæðið í frumvarpi því er er varð að lögum nr. 50/2008 tekið fram að með því væri lögfest áralöng framkvæmd. Er ljóst að það er fyrirtækjanna sjálfra að sanna þær fullyrðingar sem þau setja fram, þar á meðal fullyrðingar sem erfitt er að sanna, enda eiga þau ekki að setja fram fullyrðingar sem þau eru ekki í aðstöðu til að færa sönnur á, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 11. apríl 2012 (8/2012).
23. Það leiðir af fyrrgreindu ákvæði að Ásafl ehf. ber að geta fært sönnur á þær fullyrðingar sem fram koma í auglýsingaefni félagsins, m.a. fullyrðingar um vinsældir tiltekinna véla eða útbreiðslu þeirra á tilteknum stöðum. Breytir engu í þeim efnum hvort kærandi telst vera neytandi eða ekki, enda ljóst að þrátt fyrir að meginmarkmið laga nr. 57/2005 sé að vernda neytendur fyrir óréttmætum viðskiptaháttum, og að mörg ákvæða laganna taki sérstaklega til neytenda, verður 4. mgr. 6. gr., eins og ákvæðið verður skýrt með hliðsjón af öðrum ákvæðum laganna, sbr. m.a. gildissviðsákvæði þeirra í 1. mgr. 1. gr., ekki skýrt öðruvísi en svo að það mæli fyrir um skýlausa skyldu fyrirtækja til þess að færa sönnur á fullyrðingar sínar án tillits til þess hvort tiltekin markaðssetning beinist sérstaklega að neytanda eða hvort sá sem kvartar undan viðskiptaháttum telst sjálfur vera neytandi. Verður því fallist á það með kæranda að hann geti haft uppi umrædda kröfu á grundvelli fyrrgreinds ákvæðis.

24. Við mat á því hins vegar hvaða kröfur verða gerðar til Ásafls ehf. vegna hinnar umdeildu markaðssetningar er til þess að líta í fyrsta lagi að um er að ræða fullyrðingar í auglýsingaefni félagsins frá árinu 2011 og 2014. Er ekkert sem bendir til þess að sambærilegar fullyrðingar hafi verið notaðar í markaðsefni félagsins síðan, eða í fjögur ár, og hefur núverandi framkvæmdastjóri félagsins staðfest að a.m.k. þann tíma sem hann hefur starfað hjá félaginu, eða 16 mánuði, hafi slíkar fullyrðingar ekki verið notaðar. Í öðru lagi hefur Neytendastofa gert félaginu ljóst að óheimilt sé að viðhafa slíkar fullyrðingar án þess að geta fært fyrir þeim sönnur og það verið staðfest af hálfu framkvæmdastjóra félagsins að tekið verði mið af þeirri reglu í markaðsefni félagsins hér eftir. Eins og hér háttar til er það því mat nefndarinnar, að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnsluréttar, að taka verði undir það mat Neytendastofu að ekki sé ástæða til þess að aðhafast frekar í málinu. Er áréttað að þar með hefur engin afstaða verið tekin til þess hvort og þá hvaða kröfur kærandi kann að eiga á grundvelli kauparéttar.

ÚRSKURÐARORÐ:

Vísað er frá Neytendastofu þeim hluta kvörtunar kæranda er tengist kaupsamningi hans og Ásafls ehf. frá árinu 2011 og ætluðum skorti á upplýsingum af því tilefni.

Staðfest er sú niðurstaða hinnar kærðu ákvörðunar að ekki sé ástæða til þess að aðhafast frekar í máli kæranda.

Halldóra Þorsteinsdóttir

Áslaug Árnadóttir

Gunnar Páll Baldvinsson